

Föstudaginn 26. júní 1959.

Nr. 102/1959. **Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks
Baldvinssonar og
Vagn E. Jónsson
gegn
protabúi Baldvins Kristinssonar.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Mál til riftunar á gerningi protamanns of seint höfðað.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. þ. m., er barst dóminum hinn 12. þ. m. Þeir gera þær dómkröfur, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Mál varnaraðilja gegn sóknaraðiljum í héraði var höfðað til riftunar á gerningi Baldvins Kristinssonar 2. október 1951, um ráðstöfun fjár á hendur sonar Baldvins og til skila á því fé. Ákvörðun um að fara fram á afhendingu fjárisins og um málshöfðun, ef með þyrfti, var tekin á skiptafundi hinn 29. júlí 1953. Umboðsmaður varnaraðilja hóf þegar tilraunir til fjárheimtunnar, en þær reyndust árangurslausar. Með stefnu 14. janúar 1959 var mál loks höfðað á bæjarþingi. Ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga nr. 25/1929, um gjaldþrotaskipti, varða gerning þann, er varnaraðili vill fá rift. En með því að svo langur tími sem að framan greinir leið frá ákvörðun skiptafundar um málshöfðun, þar til stefna var út gefin, verður ekki hjá því komizt að telja málshöfðunarfrest samkvæmt 30. gr. sömu laga þá hafa verið löngu liðinn. Og þar sem málssóknarheimild verður eigi, eins og á stendur, leidd af öðrum reglum, ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er bæjarþingsmálinu vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili, þrotabú Baldvins Kristinssonar, greiði sóknaraðiljum, Haraldi Júlíussyni f. h. Björns Hauks Baldvinssonar og Vagni E. Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 1.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 2. þ. m., hefur Gunnar A. Pálsson hrl. f. h. þrotabús Baldvins Kristinssonar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 14. janúar sl., á hendur Haraldi Júlíussyni, kaupmanni á Sauðárkróki, f. h. Björns Hauks Baldvinssonar til að þola riftun á framsalsgerningi, dagsettum 2. október 1951, en með gerningi þessum framselur Baldvin Kristinsson ófjárráða syni sínum, Birni Hauki, til fullrar eignar og umráða kröfu á hendur ríkissjóði, er þá beið dóms Hæstaréttar. Einnig er málið höfðað gegn Vagni E. Jónssyni, héraðsdómslögmanni í Reykjavík, sem vörzlumanni hins framselda fjár, til að skila fénu, sem nú nemur kr. 66.604,73, til stefnanda, þó þannig, að frá dragist lögmætur kostnaður Vagns.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Stefndi Haraldur f. h. Björns Hauks hefur gert þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans. Hefur stefndi áskilið sér rétt til efnisvarna, ef frávísunarkrafa hans verður ekki tekin til greina.

Stefndi Vagn hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara hefur hann krafizt þess, að dómkrafa stefnanda verði lækkuð um kr. 5.500,00 og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans, ef stefnandi „tapar“ málinu, en ella úr hendi meðstefnda. Í frávísunarsökinni kvaðst stefndi Vagn styðja frávísunarkröfu meðstefnda og krafðist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að með gerningi, dag-

settum 2. október 1951, framseldi Baldvin Kristinsson ófjárráða syni sínum, Birni Hauki, kröfu á hendur ríkissjóði, er þá beið dóms í Hæstarétti. Skyldi kröfuframsalið vera greiðsla upp í arf drengsins eftir móður hans, er mun hafa látizt á árinu 1942, en Baldvin sat í óskiptu búi. Kröfuna afhenti Baldvin Haraldur Júlíussyni sem fjárhaldsmanni Björns Hauks. Dómur Hæstaréttar gekk 14. nóvember 1951, og skömmu síðar veitti meðstefndi Vagn dómsfjárhæðinni móttöku, en hann hafði flutt mál-ið fyrir Baldvin.

Stefnandi fullyrðir, að við fyrrgreint framsal hafi mikið skort á, að Baldvin ætti fyrir skuldum, m. a. hafi Sparisjóður Siglu-fjarðar fengið dóm á hendur honum 2. júní 1951, að fjárhæð kr. 215.000,00, auk vaxta, víxilþóknunar og málskostnaðar.

Dómur þessi var eigi birtur fyrr en 19. nóvember s. á. Af hálfu skuldheimtumanns Baldvins var reynd fjárnámsgerð í framsalsfénu, en henni synjað með úrskurði fógætaréttar 28. janúar 1952, enda formleg eignaryfirfærsla talin hafa átt sér stað. Aðiljar þessir töldu þó, að umræddur gerningur væri að öllu marklaus og gerður í því skyni einu að skjóta fé undan lögmætri aðför. Kærðu þeir Baldvin fyrir athæfi þetta til refsingar hinn 27. marz 1952 til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en í því máli hefur ekkert verið aðhafzt að sögn stefnanda.

Af hálfu stefnda Haralds f. h. Björns Hauks var nú hafizt handa um að ná hinni umdeildu fjárhæð úr höndum meðstefnda Vagns, er hafði lagt féð inn á sparisjóðsbók og taldi sér eigi unnt að láta það af hendi, fyrr en úr því fengist skorið, hver væri löglegur eigandi að því. Með bréfi, dags. 26. febrúar 1952, var þess krafizt, að féð yrði tekið frá Vagni með beinni fógæta-gerð og afhent Haraldur vegna Björns Hauks. Innsetningargerðin náði þó eigi fram að ganga, en var synjað með úrskurði fógæta-
réttar 27. júní 1952, enda talið umdeilt, hver ætti rétt til fjár-ins og þá einkum með tilliti til fjárhagsástæðna Baldvins. Þennan úrskurð staðfesti síðan Hæstiréttur 11. marz 1953. Hafði það þá og gerzt að undangenginni árangurslausri fjárnámsgerð, að Baldvin var úrskurðaður gjaldþrota 24. júní 1952 eða tæpum 9 mánuðum eftir framsalið.

Lýstar kröfur í þrotabú Baldvins námu hátt á þriðja hundrað þúsund krónum, en eignir eru engar taldar. Á skiptafundi 13. nóvember 1952 var Gunnari A. Pálssyni hrl. falið að athuga í samráði við skiptaráðanda, hvort höfða þyrfti mál til riftunar framsalsgerningnum frá 2. október 1951, og á fundi 29. júlí

1953 var tekin ákvörðun um slíka málshöfðun af hálfu búsins og Gunnari A. Pálssyni veitt umboð til málshöfðunar, „ef með þarf“, eins og segir í bókum réttarins. Degi síðar kveðst Gunnar hafa átt samtál við Harald Júlíusson og samdægurs sent honum uppkast að yfirlýsingu, þar sem hann f. h. Björns Hauks afsalaði tilkalli til fjárhæðarinnar og samþykkti, að hún yrði afhent Gunnari f. h. þrotabúsins. Svar Haralds er dagsett 12. ágúst 1953, og segir þar m. a., „að ég fyrir hönd Björns Hauks Baldvinssonar mun ekki stofna til frekari málshöfðunar í þessu máli (þótt ekki sé mér sársaukalaust), vil heldur sleppa tilkalli til umræddrar fjárhæðar“. Bréf þetta var sent Vagni Jónssyni, og hinn 9. september s. á. sendi hann afrit af því til Gunnars og Áka Jakobssonar hrl., en honum hafði verið veitt umboð til að ná fénu úr höndum Vagns til handa Birni Hauki. Hinn 10. september, þ. e. degi síðar, afturkallaði Áki þessa yfirlýsingu Haralds og krafði jafnframt Vagn um afhendingu fjárins.

Það gerðist næst, að 5. október s. á. skrifar Gunnar A. Pálsson sýslumanninum í Skagafirði, yfirlögráðanda Björns Hauks, og fer fram á samþykki hans fyrir því, að féð verði afhent þrotabúinu. Þar hvílir málið fram í marz 1954, og verður ekki byggt á svari yfirlögráðandans til heimtu fjárins hjá Vagni. Í júní sama ár ritaði stefnandi dómsmálaráðuneytinu greinargerð um málið og fór þess á leit, að ráðuneytið hlutaðist til um, að Vagn léti féð af hendi til þrotabúsins. Svar ráðuneytisins barst 5. marz 1956, og taldi það sig bresta heimild til að verða við málaleitan stefnanda. Skömmu áður, eða 20. febrúar 1956, var enn á ný gerð tilraun af hálfu stefnda Haralds f. h. Björns Hauks til að ná fénu frá Vagni með innsetningargerð. Gerðist þrotabúið meðalgönguaðili í því máli og krafðist einnig afhendingar fjárins til sín. Máli þessu lauk með úrskurði fógætaréttarins 28. febrúar 1957, og var bæði gerðarbeiðanda og meðalgönguaðilja synjað um afhendingu fjárins, enda hafði mál til riftunar framsalsins eigi verið höfðað. Hinn 27. maí 1957 áfrýjaði gerðarbeiðandi þessum úrskurði, en síðan hefur það mál legið kyrrt að sögn stefnanda, unz honum barst hinn 13. janúar sl. fullgert ágrip af hinu áfrýjaða fógætaréttarmáli til afnota við flutning þess fyrir Hæstarétti. Var þá af hálfu stefnanda hafizt handa um höfðun máls til riftunar framsalsgerningnum frá 2. október 1951 og stefna gefin út 14. janúar 1959.

Kröfu sína um frávísun byggir stefndi Haraldur f. h. Björns Hauks á því, að svo langt sé nú um liðið, frá því er tekin var

ákvörðun á skiptafundi um höfðun riftunarmáls, að stefnandi hafi með aðgerðarleysi sínu fyrirgert rétti til málshöfðunar. Bendir stefndi á ákvæði 30. gr. laga nr. 25 frá 1929, um gjaldþrotaskipti, en þar segir, að mál til riftunar skuli höfða tafarlaust, eftir að skiptafundur hafi tekið ákvörðun um slíka málshöfðun, og reka það með hæfilegum hraða, svo að bússkipti tefjist ekki. Jafnframt bendir stefndi á, að þar sem ítrekaðar tilraunir hafi verið gerðar af hans hálfu til að ná fénu frá meðstefnda Vagni og m. a. höfðuð tvö fógetaréttarmál í því skyni, hafi stefnanda mátt vera ljóst, að aldrei hafi komið til greina að afsala rétti stefnda til fjárins. Með tilvísun til áður nefndrar lagagreinar hafi því stefnanda borið að höfða mál þetta miklu fyrr og eigi síðar en á árinu 1953, ef þrotabúið vildi halda þeim rétti, er það kynni að hafa átt til riftunar.

Í frávísunarsökinni gerði stefnandi kröfu til þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og stefnda Haraldi f. h. Björns Hauks gert að greiða honum málskostnað að mati dómarans. Benti stefnandi á, að það væri fjarri, að skuldheimtumenn Baldvins og síðar þrotabú hans hefðu verið aðgerðarlaus um gæzlu réttar síns, m. a. með fjárnámsgerðum og refsikæru, svo og meðalgöngu í innsetningarmáli. Enn fremur segir stefnandi, að það hafi ávallt verið tilætlun þrotabúsins að forðast málaferli í lengstu lög, sbr. bókun á skiptafundi 29. júlí 1953, en reyna fremur aðrar leiðir til innheimtu fjárins, enda búið ætíð talið rétt sinn svo ótvíræðan og gerninginn svo augljóslega til málamynda, að honum mundi eigi verða haldið til streitu. Hafi því búið bæði snúið sér til yfirlögráðanda og dómsmálaráðuneytisins í stað þess að halda í kostnaðarsöm málaferli við eignalaust ungmenni, sem enga möguleika hefði til að inna þann kostnað af hendi. Þá telur stefnandi, að tilvitnuð regla í 30. gr. gjaldþrotaskiptalaganna sé aðeins starfsregla fyrir skiptarétt, til þess sett, að skipti dragist ekki úr hófi, en dráttur á málshöfðun geti ekki firrt búið eða lánardrottna rétti til riftunar og á þann hátt „lög-gilt“ samning, sem bæði hafi verið gerður í undanskotsskyni og til málamynda.

Það er ljóst af því, er rakið var í málavaxtalýsingu, að stefnandi hefur gert ítrekaðar tilraunir til heimtu fjár þess, er Baldvin framseldi syni sínum. Verður að telja, að stefnda Haraldi f. h. Björns Hauks hafi þannig frá upphafi verið ljóst, að stefnandi mundi ekki viðurkenna rétt hans samkvæmt framsalinu. Þá hefur stefndi Haraldur f. h. Björns Hauks aldrei fengið hina

umdeildu fjárhæð í hendur, og ekki hefur því verið haldið fram, að hann hafi orðið fyrir réttarspjöllum vegna dráttar þess, sem varð á málshöfðun. Með hliðsjón af þessu svo og öðrum málavöxtum þykir ekki unnt að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Afstaða til málskostnaðar í heild verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Þess ber að geta, að við flutning um frávísunarsökina var lýst yfir því af lögmanni stefnanda Haralds f. h. Björns Hauks, að samkomulag hefði orðið um að fresta flutningi í Hæstarétti um fógetaréttarúrskurðinn frá 28. febrúar 1957, unz dómur hefði gengið í máli þessu.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Fram komin frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 1. júlí 1959.

Nr. 73/1959. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Ólafíu Margréti Bjarnadóttur
 (Vagn Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Svipting sjálfræðis.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómari höfðaði mál þetta af sjálfsdáðum án atbeina dómsmálaráðherra, sbr. 20. gr. laga nr. 27/1951. Með hliðsjón af 2. mgr. 114. gr. sömu laga verður héraðsdómur þó eigi ómerktur.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms og ýmis vitni leidd, m. a. lækarnir Kristján Þorvarðsson og Jón Hjaltalín Gunnlaugsson.

Kristján læknir staðfesti vottorð sín, þau er í héraðsdómi